

Kennarar: Anna Lára Friðriksdóttir, Anna Soffía Reynisdóttir og María D. Halldórsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kenndar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli.

Íslenskukennsla er að meðaltali um 12-14 kennslustundir í viku.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Meginmarkmið er að nemandi auki lestrarhæfni, efla málfar og orðaforða og kynnist ýmsum textum. Nemendur þjálfu einnig að draga rétt til stafs með tengikrókum, réttiritun og að semja texta. Þá skulu nemendur einnig fá þjálfun í tjáningu.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Unnið er með ýmsar bækur í byrjendalæsi. Þar á meðal eru:

- Nýir vinir
- Útilega
- Dimmalimm
- Draugagangur
- Jólasveinarnir
- Alli Nalli og tunglið.
- Leyndarmálið hennar ömmu
- Sjórnæringjarnir í næsta húsi
- Finnur finnur rúsínu
- Skýin í maganum
- Herramenn
- Láttu mig í friði
- Geimferð

- Gullbrá og birnir þrír

Aðrar vinnubækur og verkefni:

- Litla lesrún
- Orðarún
- Sögubókin mín
- Skrift 1a
- Ýmis útprentuð vinnubókarblöð og verkefni
- Nestissögur
- Auk þess er leikritið um Dimmalimm sett upp að hausti.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið.

Unnið er í þremur skrefum

1. Inntak textans: Texti er lesinn 2-3 sinnum. Forsíðan er skoðuð, spáð í efnið, rýnt í myndir og orð útskýrð til að dýpka skilning.
2. Tæknilegir þættir: sundurgreining og samtenging. Unnið er með lykilorð textans, orðhluta og stafsetningu.
3. Enduruppbygging: skapandi vinna þar sem nemendur nýta inntakið til að skapa eitthvað nýtt. T.d í gegnum tjáningu, ritun, textagerð eða annarri sköpun.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nemendur fara í kannanir yfir skólaárið:

- lesfími
- aston index

Framvinda nemenda í íslensku er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms, þar sem vinna nemenda, þátttaka í umræðum og hópastarfi er metin. Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Allar upplýsingar um námsmat eru birtar á Mentor sem síðar er rætt í nemenda- og foreldraviðtölum.

Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fimm flokkum. Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritað mál og málnotkun.

Hæfniviðmið í íslensku fyrir 2. bekk.

Við lok 2. bekkjar getur nemandi:

- lesið texta sem hæfir lestrargetu
- valið sér lesefni eftir áhuga
- nýtt nýjan orðaforða í eigin verkum
- fundið rím við einföld orð
- hlustað og horft með athygli á leikið efni og söngva
- samið texta frá eigin brjósti
- dregið rétt til stafs með tengikrókum
- gert greinarmun á hástöfum og lágstöfum
- þekkt og fundið samsett orð
- þekkt sérnöfn
- búið til málsgreinar
- sagt frá reynslu sinni
- endursagt einfaldan texta